

Drög að ályktunum frá málefnaþópum og félögum

Allsherjar- og menntamálanefnd	3
Ályktun um íþróttir ungmenna.....	3
Ályktun um vopnaburð lögreglu.....	3
Atvinnuveganefnd	3
Ályktun um öryggismál í jarðgöngum.....	3
Ályktun um átak í jarðgangagerð á Íslandi	4
Ályktun um samgöngumál.....	4
Efnahags- og fjármálanefnd	4
Ályktun um efnahagsmál.....	4
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd	5
Ályktun um auðlindaákvæði í stjórnarskrá.....	5
Ályktun um íbúalýðræði og þátttökulýðræði	6
Ályktun um fjármál stjórnálagssamtaka	8
Umhverfis- og samgöngunefnd	9
Ályktun um loftslagsaðgerðir og vistspor.....	9
Ályktun um lífbreytileikaráð	9
Ályktun um vindorku	9
Ályktun um vernd og endurheimt vistkerfa	9
Ályktun um kortlagningu og verndun víðerna.....	10
Ályktun um kolefnisjöfnun og grænþvott	10
Ályktun um ásælni í auðlindir til lands og sjávar	10
Ályktun um þjóðgarða	10
Ályktun um stuðning við rannsóknir á sviði náttúruvísinda og háskólanám.....	10
Ályktun um bann við hvalveiðum.....	10
Ályktun um úrgangsmál.....	11
Utarríkismálanefnd	11
Ályktun um stöðu kvenna í Afganistan.....	11
Ályktun um stríðsátök víða um heim.....	11
Ályktun um stöðu sjálfstjórnarsvæða í norrænu samstarfi.....	11
Velferðarnefnd	11
Lífeyrissjóðakerfi fyrir öll	12
Menntun á öllum skólastigum verði endurgjaldslaus	12
Réttlátara námslánakerfi.....	12
Hækkum lágmarksgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs.....	12

Drög að ályktunum frá málefnaþópum og félögum til umræðu og afgreiðslu á landsfundi
Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 4. til 6. október 2024

Það á að vera gott að eldast	12
Tryggjum jafnræði ungmenna	13
Útrýmum fátækt með barnamiðaðri nálgun	13
Umönnunardagar vegna nákominna.....	13
Frá félögum	13
Ályktun um fyrirkomulag leikskólamála í Kópavogi.....	13
Ályktun um málefni Seyðisfjarðar	14
Ályktun um Palestínu.....	15
Ályktun um almennt húsnæðiskerfi	15
Ályktun um þjónustu sérgreinalækna í öllum heilbrigðisumdæmum.....	16
Ályktun um stjórnarslit.....	17
Stjórn málaályktun landsfundar	18

DRÖG - ÓSAMÞYKKT

Allsherjar- og menntamálanefnd

- hópstjórar Sæmundur Helgason og Maarit Kaipainen

Ályktun um íþróttir ungmenna

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október 2024 ítrekar mikilvægi þess að hlúa að íþróttapátttöku ungmenna, fatlaðra jafnt sem ófatlaðra.

Hvetja þarf og styrkja íþróttafélög til að sinna þeim ungmennum sem vilja æfa án þess að stefna á afreksíþróttir og jafnframt styrkja þau sem stunda afreksíþróttir sérstaklega til að mynda eins og Finnar gera með samstarfi ólympíunefnda og afreksíþróttabrauta framhaldsskólanna.

Ályktun um vopnaburð lögreglu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október 2024 ályktar gegn auknum vopnaburði lögreglu.

Mikil og hávær umræða um vopnvæðingu íslensku lögreglunnar hefur skapast í samfélaginu síðustu misseri og ekki síst vegna kaupa ríkislögreglustjóra á fordæmalausum fjölda öflugra vopna í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins í Hörpu vorið 2023 og vegna einhliða ákvörðunar dómsmálaráðherra um að rafbyssuvæða íslenska lögregluflotann.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð mótmælir auknum vígbúnaði lögreglunnar. Sýnileg vopn eru ekki til þess fallin að auka traust í samfélaginu eða öryggi almennra borgara, nema síður sé. Langstærstur hluti þeirra sem brjóta af sér gera það vegna félagslegra, fjárhagslegra eða andlegra erfiðleika og ætti frekar að verja kröftum í að takast á við þau vandamál.

Mikilvægt er að tryggja starfsöryggi lögreglunnar og skal það gert með betri ráðstöfun fjármagns, aukinni nýliðun og með mannsæmandi starfsaðstæðum frekar en vopnum.

Atvinnuveganefnd

- hópstjórar Sigríður Gísladóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson

Ályktun um öryggismál í jarðgöngum

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október 2024 hvetur til aðgerða í öryggismálum í jarðgöngum á Íslandi. Koma þarf inn í samgönguáætlun áformum um breikkun einbreiðra ganga. Ráðast þarf í heildstæða úttekt á öryggismálum í jarðgöngum og forgangsraða aðgerðum í takt við niðurstöður hennar.

Greinargerð:

Nýlegur eldsvoði, þar sem rúta brann við gangnamunna Vestfjarðaganga, vekur upp áhyggjur af öryggismálum í einbreiðum jarðgöngum, en meiri hluti Vestfjarðaganga er einbreiður.

Með þessu markmiði vilja Vinstri græn tryggja að allir landsmenn, óháð búsetu, njóti jafnréttis til öruggs samgöngukerfis. Öryggi vegfarenda á að vera forgangsmál og er þetta mikilvægt skref í að auka samgönguöryggi á landsvísu.

38 **Ályktun um átak í jarðgangagerð á Íslandi**

39 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
40 telur tímabært að fara í allsherjar átak í jarðgangnagerð á Íslandi. Um land allt standa
41 samfélög frammi fyrir skertum lífsgæðum sem aðeins jarðgöng myndu leysa. Samkeppni milli
42 byggðalaga og innan landsvæða um forgang í jarðgangnagerð og samgöngubótum rífur niður
43 baráttuþrek og samstöðu íbúa landsins. Finna þarf fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar því sú
44 langa bið eftir jarðgöngum sem samfélög upplifa ógnar lífsgæðum og öryggi íbúa.

45 *Greinargerð:*

46 *Skoða þarf fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar á jarðgangnagerð, m.a. með því að líta*
47 *til færeyska móðelsins þar sem fjármögnun jarðgangna hefur byggst á skapandi*
48 *lausnum. Með því að nýta slíkar aðferðir er hægt að hraða framkvæmdum og koma*
49 *til móts við brýnustu þarfir samfélaga.*

50 *Áhersla er lögð á að forgangsraða framkvæmdum á hættulegum vegum, þar á meðal*
51 *um Fljótin, Súðavíkurlíð og Fjarðarheiði þar sem ótryggar aðstæður ógna öryggi íbúa*
52 *og vegfarenda. Með öflugum átaki í jarðgangnagerð væri hægt að bæta lífsgæði,*
53 *tryggja samgönguöryggi og stuðla að sterkari byggð um allt land.*

54 **Ályktun um samgöngumál**

55 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn 4. til 6. október 2024 bendir á
56 mikilvægi þess að stórauka fjárfestingar í samgöngum þannig að greiða megi inn á þá miklu
57 innviðaskuld sem safnast hefur upp á þeim árum sem umferð hefur vaxið hraðar en spár
58 gerðu ráð fyrir. Þá er mikilvægt að byggja upp og styrkja almenningssamgöngur, sérstaklega
59 á höfuðborgarsvæðinu en einnig á landsbyggðinni, svo að þær séu raunhæfur valkostur
60 innan og á milli landshluta. Því fagnar fundurinn nýrri heildarlöggjöf um
61 almenningssamgöngur hér á landi sem finna má á þingmálaskrá innviðaráðherra.

62 Til lengri tíma er nauðsynlegt að grafin sé tvenn jarðgöng á hverjum tíma, í þeim tilgangi að
63 stytta vegalengdir og tengja saman atvinnusvæði og byggðakjarna.

64 Greiðar samgöngur hafa mikilvæga kynja- og réttlætisvinkla sem halda þarf til haga við
65 forgangsröðun samgönguframkvæmda. Eins vill fundurinn að skólaakstur á malarvegum
66 heyri sögunni til.

67 **Efnahags- og fjármálanefnd**

68 - hópstjórar Kári Gautason og Klara Mist Pálsdóttir

69 **Ályktun um efnahagsmál**

70 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
71 2024 lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála. Hávaxtastefna Seðlabankans og
72 braskvæðing á húsnæðismarkaði vinna gegn því að hægt sé að takast á við eina af megin
73 orsökum verðbólgunnar. Þröskuldurinn inn á húsnæðismarkað fyrir fyrstu kaupendur hefur
74 hækkað hraðar en geta þeirra til að spara fyrir útborgun, samhliða því að fólk þarf að greiða
75 húsnæði sitt óhóflegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu. Skattleggja þarf söluhagnað af
76 íbúðareign umfram eigin þarfir. Standa þarf vörð um félagslegar aðgerðir á borð við

77 stofnframlög og lán húsnæðissjóðs til uppbyggingar félagslegs leiguhúsnæðis. Þá kallar
78 fundurinn eftir því að sveitarfélög líti á lóðir sem framtíðarheimili fyrir fólk og að dregið sé úr
79 óþarfa gjaldtöku af lóðum. Þá þarf sérstaklega að huga að húsnæðismarkaði í hinum dreifðu
80 byggðum svo fólk geti átt valkost um að setjast þar að. Íslenskt samfélag hefur áður og þarf
81 aftur að byggja sig út úr húsnæðisvanda sem fylgir ört vaxandi þjóð.

82 Fundurinn hafnar niðurskurðarstefnu í baráttu við verðbólgu. Slík stefna hefur aldrei virkað
83 sem lausn á efnahagslegum vandamálum heldur er hún varðstaða um fjármagn og eigendur
84 þess. Almennigur greiðir á meðan fyrir óstöðugleika sem hann stofnaði ekki til með
85 einkavæðingu innviða, aukinni gjaldtöku og niðurskurði í almannajónustu. Jafnframt lýsir
86 fundurinn þungum áhyggjum af hávaxtastefnu Seðlabankans sem er önnur birtingarmynd
87 niðurskurðarstefnunnar. Hávaxtastefnan hefur ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að en
88 hún hefur lagt ómældar byrðar á heimili og fyrirtæki. Fundurinn hafnar hugmyndafræði
89 niðurskurðar og áréttar nauðsyn þess að uppræta kerfisbundna verðbólguhvata með
90 samstilltu átaki ríkis, Seðlabanka og sveitarfélaga.

91 Verkalýðshreyfingin undirgekkst hófsamar launahækkanir í kjarasamningum á þessu ári. Á
92 sama tíma skammtar auðstéttin sér allar þær launa- og kjarahækkanir sem henni sýnist. Ekki
93 er raunhæft að ætla að höfða til sómakenndar eða ábyrgðartilfinningar auðstéttarinnar og
94 því verður að sporna gegn auknum eigna- og tekjujökfuðum í gegnum skattkerfið.
95 Tekjujökfuður hefur aukist í tíð núverandi ríkisstjórnar, sem er vel, en frekari aðgerðir eru
96 aðkallandi. Mikilvægt skref er að tryggja að útsvar af fjármagnstekjum sé greitt til
97 sveitarfélaga og stórauka þarf skattaeftirlit. Þá er nauðsynlegt að sanngjörn auðlindagjöld
98 séu greidd fyrir notkun sameiginlegra auðlinda, s.s. í raforkuframleiðslu til jafns við fiskeldi
99 og fiskveiðar. Áform um hækkun veiði- og framleiðslugjalda eru jákvætt skref í rétta átt.

100 Landsfundur Vinstri grænna áréttar að hugmyndafræði sjálfbærni þarf að vera innbyggð í alla
101 stefnumótun í efnahagsmálum. Núverandi hagskipan er löngu gengin sér til húðar sé litið til
102 heimsins alls og það er aðkallandi að draga úr ofuráherslu á verga landsframleiðslu og aðra
103 efnahagslega mælikvarða. Fundurinn fagnar þeirri þekkingu sem byggð hefur verið upp í tíð
104 núverandi ríkisstjórnar á velsældarhagkerfinu en þróun velsældarvísa er mikilvægt framlag
105 Íslands til sjálfbærnimála á alþjóðavettvangi. Halda þarf áfram að innleiða velsæld fólks sem
106 aðalmarkmið í efnahagsstjórn landsins. Landsfundurinn áréttar að endalaus hagvöxtur á
107 kostnað náttúru og fólks er ekki valkostur.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

- hópstjórar Álfheiður Ingadóttir og Bjarki Þór Grönfeldt

Ályktun um auðlindaákvæði í stjórnarskrá

111 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
112 2024 hvetur eindregið til þess að áður en gengið er til kosninga afgreiði Alþingi og festi í
113 stjórnarskrá ákvæði um auðlindir í þjóðareign og vernd íslenskrar náttúru til lands, lofts og
114 sjávar.

115 Ásókn í auðlindir er alþjóðlegt vandamál. Landsfundurinn telur að þingmenn í öllum flokkum
116 geti sameinast um þá grundvallarkröfu að auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru háðar

117 einkaréttarákvæðum, séu þjóðareign og að nýting þeirra skuli grundvallast á sjálfbærri
118 þróun. Enginn á að fá þessi gæði eða réttindi til nýtingar þeirra til eignar eða varanlegra
119 afnota. Með lögum skal kveða á um gjaldtöku fyrir heimildir til nýtingar í ábataskyni.

120 Atburðir liðinna missera og ára hafa sýnt að veik löggjöf sem ekki hvílir á traustum
121 stjórnlögum er lítil vörn gegn ásókn erlendra auðhringa og auðmanna í vatn og vind, firði og
122 fjöll, ár og voga til að auka sér hagnað og einkagróða, sem oft hverfur úr landi án
123 skattlagningar.

124 Ljóst er að meirihluti þjóðarinnar er sammála því að festa auðlinda- og
125 náttúruverndarákvæði í stjórnarskrá og viðbúið að slík ákvæði verði samþykkt í
126 þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða næstu Alþingiskosningum. Þjóðin á það inni hjá Alþingi að
127 það samþykki slíkar breytingar og leggi fyrir þjóðina.

128 *Greinargerð:*

129 *Í kjölfar hrunsins varð mikil vakning um nauðsyn þess að endurskoða mörg ef ekki*
130 *flest ákvæði stjórnarskrárinnar. Tillögur stjórnlagapings og nefnda Alþingis náðu þó*
131 *ekki fram að ganga og flestir telja nú sýnt að breyta þurfi stjórnarskránni í áföngum.*
132 *Undir forystu Katrínar Jakobsdóttur, þá formanns og forsætisráðherra, hefur VG um*
133 *árábil haft forgöngu um lýðræðislega endurskoðun stjórnarskrárinnar og mikil vinna*
134 *hefur átt sér stað, m.a. um inntak og mikilvægi breytinganna. VG hefur einkum lagt*
135 *áherslu á styrkingu mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, breytingar á forseta- og*
136 *framkvæmdarvaldskaflanum, ný ákvæði um umhverfis- og náttúruvernd, auðlindir í*
137 *þjóðareign og loks íslenska tungu og íslenskt táknmál.*

138 *Atburðir liðinna missera og ára hafa sýnt að veik löggjöf sem ekki hvílir á traustum*
139 *stjórnlögum er lítil vörn gegn ásókn erlendra auðfélaga og auðmanna í*
140 *vatnsauðlindina, laxveiðiárinar og nú síðast bújarðir og landsvæði til þess að selja fyrir*
141 *kolefniseiningar til erlendra auðhringa. Því hefur aldrei verið brýnna en nú að festa*
142 *auðlindaákvæði í stjórnarskrá og verja eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum.*

143 *Margoft hafa verið lagðar fram á Alþingi tillögur um þjóðareign á auðlindum og um*
144 *náttúruvernd en aldrei náð fram að ganga. Fyrir liggur að þjóðin vill sjá slík ákvæði í*
145 *stjórnarskrá og telur það brýnt.*

146 *Stjórnarskrá verður aðeins breytt á tveimur þingum. Um leið og þingið samþykkir*
147 *breytingar á stjórnarskrá skal þing rofið og boðað til kosninga. Næsta þing, eftir*
148 *kosningar, þarf síðan að samþykkja sömu breytingar sem þá fyrst taka gildi. Þetta eru*
149 *ákvæði stjórnarskrárinnar frá 1944 en í nútíma samfélagi er eðlilegast að um leið*
150 *verði efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingarnar í samræmi við lýðræðishefð*
151 *okkar og þróun á 80 árum.*

152 **Ályktun um íbúalýðræði og þátttökulýðræði**

153 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
154 2024 telur nauðsynlegt að styrkja íbúalýðræði og þátttökulýðræði á Íslandi. Lýðræðisleg
155 þátttaka felst í fleiru en aðeins að mæta á kjörstað á fjögurra ára fresti. Hvetja þarf alla hópa
156 samfélagsins til þátttöku í nærsamfélagi sínu svo sem í foreldrafélögum, hverfafélögum og

157 félagsmiðstöðvum. Efla þarf ungt fólk til áhrifa í samfélaginu og hvetja allan almenning til
158 gagnrýnnar hugsunar, upplýstrar umræðu og miðlunar upplýsinga á jafnræðisgrunni.
159 Stjórn málin þurfa að endurspeglar samsetningu samfélagsins og lækka þarf þröskulda sem
160 standa í þeim vegi svo sem skilyrði um búsetulengd og uppruna. Það er lykilatriði að
161 auðvelda lýðræðislega og samfélagslega þátttöku innflytjenda enda nálgast sá hópur að vera
162 fimmtungur þjóðarinnar. Mikilvægt er að stjórnvöld fylgist vel með og læri af þeim
163 sveitarfélögum sem sett hafa á laggirnar fjölmenningsráð, ungmennaráð og enskumælandi
164 ráð. Breyta þarf sveitastjórnarlögum og auðvelda íbúum að kalla fram íbúakosningu um
165 einstök málefni. Vegna sameininga sveitarfélaga undanfarin ár hafa orðið til víðfeðm
166 sveitarfélög með marga dreifða þéttbýliskjarna. Það þarf að tryggja rétt til íbúakosninga sem
167 varða hagsmuni ólíkra þéttbýliskjarna í slíkum sveitarfélögum. Hið sama á við um stór,
168 hverfisskipt sveitarfélög.

169 *Greinargerð:*

170 *Í sveitarstjórnarlögum nr. 138 frá 2011 er í X. kafla, grein 102 fjallað um rétt íbúa til*
171 *að hafa áhrif á stjórn sveitarfélags:*

172 *Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta*
173 *þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og*
174 *undirbúning stefnumótunar.*

175 *Áhrif íbúa má m.a. tryggja með:*

- 176 *1. virkri upplýsingagjöf til íbúa,*
- 177 *2. samráði við íbúa, svo sem á borgarafundum eða íbúáþingum og í*
178 *íbúakosningum,*
- 179 *3. skipun íbúa- og notendaráða,*
- 180 *4. því að skipuleggja starfsemi sveitarfélagsins eftir staðbundnum forsendum,*
- 181 *5. samstarfi eða annarri aðstoð við íbúa sem vilja vinna að málefnum*
182 *sveitarfélagsins.*

183 *Í 105. grein er nánar kveðið á um framkvæmd borgarafundar:*

184 *Sveitarstjórn ákveður hvort haldinn skuli borgarafundur í sveitarfélagi, sbr. þó 108. gr.*
185 *Til borgarafundar skal boða með opinberri auglýsingu ekki síðar en 10 dögum fyrir*
186 *fundardag. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um form fundar, þar á meðal*
187 *hvort þátttakendum gefist tækifæri til að taka þátt í umræðum og leggja fram*
188 *fyrirspurnir og tillögur.*

189 *Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri*
190 *tillögu sem greiða á atkvæði um. Telji sveitarstjórn ástæðu til skal hún gera kjörskrá*
191 *yfir þá sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar ... ¹⁾*
192 *og eru þá aðeins þeir sem eru á kjörskránni atkvæðisbærir á borgarafundi. Að öðrum*
193 *kosti hafa atkvæðisrétt allir þeir sem til fundarins mæta. Um gerð kjörskrár og*
194 *auglýsingu gilda ákvæði [kosningalaga]. ¹⁾ Ályktanir almennra borgarafunda eru ekki*
195 *bindandi fyrir sveitarstjórn.*

196 *Í 107. grein er fjallað um íbúakosningar um einstök málefni:*

197 *Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa*
198 *sveitarfélagsins, eða hluta íbúa sveitarfélagsins, um einstök málefni þess, sbr. þó 108.*
199 *gr.*

200 *Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. [20 daga] ¹⁾ fyrirvara með*
201 *opinberri auglýsingu. Samhliða skal sveitarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem*
202 *borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til*
203 *að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.*

204 *Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari grein, sem og skv. 108. gr., er ráðgefandi nema*
205 *sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils. Í*
206 *auglýsingu skv. 2. mgr. skal koma fram hvort atkvæðagreiðsla er bindandi. Slíka*
207 *ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið*
208 *þátt í atkvæðagreiðslu.*

209 *Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti farið eftir*
210 *ákvæðum 133. gr. ... ¹⁾ ²⁾*

211 *Í 108. grein er m.a. nánar kveðið á um hvernig íbúar geti óskað eftir borgarafundi*
212 *samkvæmt 107. grein:*

213 *Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar*
214 *atkvæðagreiðslu [meðal allra íbúa sveitarfélagsins] ¹⁾ skv. 107. gr. skal sveitarstjórn*
215 *verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að*
216 *ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en*
217 *þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi. Sveitarstjórnin á*
218 *ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin*
219 *verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um*
220 *framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélags fer eftir ákvæði*
221 *107. gr.*

222 *Ef íbúar sveitarfélags ætla að hafa frumkvæði að almennri atkvæðagreiðslu um*
223 *tiltekin málefni þarf að safna undirskriftum 20% þeirra sem kosningarétt hafa. Í*
224 *viðfeðmum sveitarfélögum með fleiri aðskilda íbúakjarna eins og til dæmis*
225 *Múlaþingi, er ekki mögulegt fyrir íbúa Seyðisfjarðar að óska almennra*
226 *atkvæðagreiðslu með undirskriftasöfnun á Seyðisfirði sérstaklega. Safna þarf*
227 *undirskriftum í öllu sveitarfélaginu. Þessi regla hefur það í för með sér að erfitt er að*
228 *kalla fram atkvæðagreiðslu um málefni sem snerta sérstaklega tiltekin svæði innan*
229 *sveitarfélags. Í stórum sveitarfélögum, eins og til dæmis Reykjavík með skirt aðskilin*
230 *hverfi, er sami vandi uppi. Það þarf því að vera sami möguleiki á að kalla fram*
231 *atkvæðagreiðslu að frumkvæði hluta íbúa eins og gildir um ákvörðun sveitarstjórnar*
232 *samkvæmt 107. grein: Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn*
233 *atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins, eða hluta íbúa sveitarfélagsins, um*
234 *einstök málefni þess, sbr. þó 108. gr.*

235 [Ályktun um fjármál stjórnmalasamtaka](#)

236 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
237 2024 lýsir yfir áhyggjum af undirróðri hægri aflanna í samfélaginu gegn fjárframlögum til

238 stjórnmalasamtaka úr ríkissjóði. Lög um starfsemi stjórnmalasamtaka voru endurskoðuð árið
239 2018 og voru fjárframlögin leiðrétt eftir að hafa staðið í stað frá hrúni. Þingmenn
240 Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvörp um að framlögin verði lækkuð á nýjan leik og
241 flokkunum gert heimilt að sækja hærrí styrki til einkaaðila. Það býður heim hættu á feluleik,
242 spillingu og leyndarhyggju. Opinber og fyrirsjáanleg framlög til stjórnmalahreyfinga eru besta
243 leiðin til að tryggja heiðarlegt stjórnmalastarf óháð fjárframlögum frá fjársterkum
244 hagsmunaaðilum.

Umhverfis- og samgöngunefnd

- hópstjórar Hólmfríður Sigþórsdóttir og Sigurður Loftur Thorlacius

Ályktun um loftslagsaðgerðir og vistspor

248 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
249 2024 vill að metnaður sé aukinn í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þannig hún skili þeim 55%
250 samdrætti á samfélagslosun sem henni er ætlað. Drífa þarf í útfærslu aðgerðanna og tryggja
251 að þær séu allar fjármagnaðar. Skoða þarf öll mál út frá loftslagsmálum. Auka þarf vitund fólks
252 um loftslagsmál með því að tryggja að upplýsingar um vistspor séu á öllum vörum þ.m.t. á
253 matvöru, matseðlum og öðrum varningi. Ráðast þarf í átak til að draga stórlega úr
254 matarsóun.

Ályktun um lífbreytileikaráð

256 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
257 2024 vill að stofnað verði lífbreytileikaráð með sérfræðingum þar sem hagur náttúrunnar og
258 vistkerfisnálgun er alltaf í forgrunni. Ráðið á að vera óháð stjórnvöldum í störfum sínu og
259 veita þeim aðhald og ráðgjöf.

260 Landsfundur hvetur til aukinnar vitundarvakningar um lífbreytileika og að Alþjóðadagur
261 lífbreytileika 22. maí ár hvert sé nýttur til þess.

Ályktun um vindorku

263 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
264 2024 ályktar og ítrekar að auðlindir skulu vera í þjóðareign og þar með talin vindorkan. Ef
265 vindorkuver verða að veruleika eiga opinberir aðilar að sjá um uppbygginguna.

266 Vindorkuver skulu falla undir rammaáætlun og áður en hafist er handa skal samþykkja skýrt
267 regluverk um auðlindagjald, staðsetningu og annað sem að þeim snýr.

Ályktun um vernd og endurheimt vistkerfa

269 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
270 2024 vill að stjórnvöld þrói og komi á fót hvatakerfi til verndar og endurheimtar vistkerfa,
271 bæði þurr- og votlendisvistkerfa. Gera verður vernd og endurheimt að fýsilegum
272 landnýtingarkosti og sambærilegan annarri landnýtingu, s.s. landbúnaði og skógrækt. Fjölga
273 þarf sérfræðingum á þessu sviði til að tryggja árangur slíkra verkefna. Þá þarf einnig að
274 umbylta styrkjakerfi landbúnaðar með tilliti til þessa og hvetja einnig til loftslagsvæns
275 landbúnaðar.

276 [Ályktun um kortlagningu og verndun víðerna](#)

277 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
278 2024 leggur áherslu á að óbyggð víðerni á hálendi landsins verði kortlögð og afmörkuð hið
279 fyrsta til að leggja grunn að verndun og friðlýsingu þeirra.

280 [Ályktun um kolefnisjöfnun og grænþvott](#)

281 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
282 2024 ítrekar mikilvægi þess að settar verði reglur og mælikvarðar þegar ætlunin er að
283 kolefnisjafna. Til að koma í veg fyrir grænþvott er mikilvægt að meta, áður en hafist er
284 handa, árangur mótvægisáðgerða með vísindalegum hætti af viðurkenndum aðilum. Auk
285 þess þarf að koma á eftirliti og viðurlögum við grænþvotti.

286 [Ályktun um ásælni í auðlindir til lands og sjávar](#)

287 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
288 2024 ítrekar nauðsyn þess að setja hömlur á uppkaup erlendra aðila á landi og bújörðum í
289 þeim tilgangi að auka sér einkagróða. Á það við um laxveiðiár, vatnsauðlindina, efnisnámur
290 og nú síðast lönd til skógræktar. Breyta þarf lögum um umhverfismat þannig að nýræktun
291 skóga á meira en 50 hekturum lands fari í umhverfismat en nú er miðað við 200 hektara. Þó
292 mikilvægt sé að auka bindingu með skógrækt þá þarf það að vera í sem mestri sátt við
293 náttúruna og gróskumikil vistkerfi (þ.m.t. ríkt mólendi) t.d. með því að notast við innlendar
294 tegundir. Forðast ætti plægingu sem losar mikið magn kolefnis. Viðkvæmar og sjaldgæfar
295 vistgerðir á Íslandi hýsa fjölda tegunda og eru uppspretta lífbreytileika, bæði gróðurs og
296 dýralífs, og þær ber að vernda.

297 [Ályktun um þjóðgarða](#)

298 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
299 2024 ítrekar mikilvægi þess að þjóðgarður verði stofnaður á miðhálandi Íslands og á
300 sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig vill fundurinn að Reykjanesfólkvangi verði breytt í
301 þjóðgarð og hann stækkaður um leið. Vinna þarf áætlun um þjóðgarða í hafi. Mikilvægt er að
302 Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar um friðun 30% hafs og lands fyrir 2030 og yrðu
303 þetta mikilvæg skref í þeirri vegferð.

304 [Ályktun um stuðning við rannsóknir á sviði náttúruvísinda og háskólanám](#)

305 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
306 2024 ítrekar stuðning sinn við sérfræðisamfélagið og þær stofnanir sem sinna
307 náttúruvísindum. Vöntun er á sérfræðingum á sviði náttúruvár og á sviði verndar og
308 endurheimtar vistkerfa. Styðja þarf sérstaklega við rannsóknir sem snúa að
309 mótvægisáðgerðum og áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa á lífríki lands og sjávar. Beita
310 þarf vistkerfisnálgun og verðmeta vistkerfisþjónustu þannig að í umgengni við land njóti
311 náttúran alltaf vafans.

312 [Ályktun um bann við hvalveiðum](#)

313 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
314 2024 vill að hvalveiðar verði bannaðar varanlega í samræmi við ákall almennings.

315 [Ályktun um úrgangsmál](#)

316 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
317 2024 hvetur til þess að settar verði kröfur á framleiðendur umbúða og vara um að nota
318 einungis aðskiljanleg hráefni sem hægt er að flokka og endurvinna. Ekki skuli nota samsett
319 hráefni nema brýna nauðsyn beri til og engir aðrir valkostir eru fyrir hendi. Þetta ætti að gera
320 í samvinnu við stjórnvöld á Norðurlöndunum til að auka slagkraft kröfunnar og þrýstinginn á
321 framleiðendur. Þá þarf einnig að styðja við og auka innlenda endurvinnslu, t.d. á textíl, plasti
322 og gleri.

323 [Utanríkismálanefnd](#)

324 - hópstjórar Elín Björk Jónasdóttir og Jósúa Gabríel Davíðsson

325 [Ályktun um stöðu kvenna í Afganistan](#)

326 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 4. til 6. október 2024
327 fordæmir þá afstöðu talibana í Afganistan að meina konum aðgangi að samfélaginu, að
328 þagga niðri í þeim, neita þeim um sjálfræði, sjálfstæði, menntun og rétt til sjálfstæðs lífs. Þá
329 ítrekar fundurinn nauðsyn þess að alþjóðasamfélagið fordæmi aðför talibana að réttindum
330 kvenna og vinni að því af öllu afli að rétta hlut þeirra og annarra kvenna sem ekki fá notið
331 grundvallar mannréttinda víðar um heim. Mikilvægt er að halda á lofti gildum kvenfrelsis og
332 félagslegs réttlætis í öllu alþjóðasamstarfi og snúa við þeirri þróun að réttindi kvenna séu
333 fótum troðin í krafti hernaðar og trúarofstækis.

334 [Ályktun um stríðsátök víða um heim](#)

335 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn 4. til 6. október 2024 lýsir
336 miklum áhyggjum vegna uggvænlegrar þróunar alþjóðamála. Sú staðreynd að mannskæð
337 átök geisa víða um heim undirstrikar mikilvægi alþjóðlegrar friðarhyggju sem er ein af
338 grunnstoðum hreyfingarinnar. Á heimsvísu er enn þörf á friðarhreyfingum. Stríðum lýkur ekki
339 með orrustum heldur friðarsamningum og eiga Íslendingar að beita sér að öllu afli fyrir
340 friðsamlegum lausnum, mannréttindum og lýðræði. Öll stríð eru árásir á óbreytta borgara og
341 á þeirra daglega líf, framtíð og öryggi.

342 Þá fordæmir fundurinn ólögmett árásarstríð rússneskra yfirvalda í Úkraínu og ítrekar
343 stuðning sinn við kröfur Úkraínumanna um réttlátan frið. Staða mála í Evrópu, fyrir botni
344 Miðjarðarhafs og víða um heim, er ógnvekjandi og má ekki leiða til enn frekari vígvæðingar
345 og hörmunga.

346 [Ályktun um stöðu sjálfstjórnarsvæða í norrænu samstarfi](#)

347 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
348 2024 hvetur ríkisstjórnir Norðurlandanna (Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og
349 Finnlands) að koma til móts við óskir sjálfstjórnarsvæðanna Grænlands og Færeyja um að
350 verða fullgildir aðilar að Helsingforssamningnum og þar með norrænu samstarfi sem og ósk
351 Álandseyja um slíkt hið sama þegar þær telja það tímabært.

352 [Velferðarnefnd](#)

353 - hópstjórar Aldey Unnar Traustadóttir og Guðný Hildur Magnúsdóttir

354 Lífeyrissjóðakerfi fyrir öll

355 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
356 leggur áherslu á að hafist verði handa við að vinna að endurskoðun á lífeyrissjóðakerfi
357 landsins þannig að það sé tryggt að lífeyrissjóðakerfið nái til örorkulífeyrisþega og annarra
358 sem ekki eru á vinnumarkaði. Um leið og Landsfundur VG fagnar þeim breytingum sem
359 samþykktar voru á örorkulífeyriskerfinu þá ítrekar fundurinn mikilvægi þess að ný lög um
360 örorkulífeyriskerfið raungerist og staðinn verði vörður um það fjármagn sem samþykkt hefur
361 verið til að það geti orðið að veruleika.

362 Menntun á öllum skólastigum verði endurgjaldslaus

363 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
364 ítrekar að menntakerfið er mikilvægasta jöfnunartækið í fjölbreyttu samfélagi og
365 menntastofnanir á aldrei að reka í hagnaðarskyni. Skólaganga á að vera nemendum og
366 fjölskyldum að kostnaðarlausu á öllum skólastigum sem og öll námsgögn og skólamáltíðir á
367 skólatíma. Jafnframt er brýnt að jafna stöðu allra barna og ungmenna til iðkunar íþróttar og
368 tómsstunda bæði hvað varðar aðbúnað og fjármögnun.

369 Réttlátara námslánakerfi

370 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
371 telur að skoða þurfi þarf frekari breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna. Vinstri
372 græn vilja hækka hlutfall námsstyrks af lánum enn frekar en gert hefur verið, skoða kosti
373 þess að gera námslán vaxtalaus og að þau falli niður við starfslok að uppfylltum eðlilegum
374 skilyrðum um að námi ljúki fyrir tiltekinn aldur.

375 Fólki á ekki að þurfa að greiða af námslánum sínum í ellinni, eða ef fólk fer á örorkulífeyri og
376 getur ekki aflað sér tekna með launaðri vinnu. Er hér um stórt kjaramál að ræða fyrir stóran
377 hóp fólks.

378 Hækkum lágmarksgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs

379 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
380 vekur athygli á mikilvægi þess að hækka lágmarksgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs, gera
381 fæðingarstyrk að raunhæfum möguleika fyrir fólk sem ekki á rétt á greiðslum úr
382 Fæðingarorlofssjóði, tryggja fólki lífeyristekjur á meðan á fæðingarorlofi stendur og að unnið
383 verði að því að brúa umönnunarbilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla.

384 Hér þarf kröftuga aðkomu ríkisvaldsins, sveitarfélaga og atvinnulífsins.

385 Það á að vera gott að eldast

386 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
387 telur mikilvægt að grípa til sérstakra aðgerða til að koma til móts við það eldra fólk sem verst
388 er sett t.d. með sérstökum stuðningi til þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað,
389 hækka almennt frítækjumark í sömu skrefum og útgjöld dragast saman vegna hækkunar
390 lífeyristekna fólks og jafnframt rýna með hvaða hætti er hægt að koma til móts við þau sem
391 hafa lægsta grunnlífeyri.

392 Tryggjum jafnræði ungmenna

393 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
394 telur mikilvægt að reglugerð vegna heimilisuppbótar fyrir öryrkja og börn einstæðra foreldra
395 á örorkubótum verði breytt þannig að tekið verði út ákvæði um að nám eða starfsmán
396 ungmennis sé forsenda þess að heimilisuppbót sé greidd til foreldris. Þannig verði komið til
397 móts við þau ungmenni á aldrinum 18 – 26 ára, sem búa í heimahúsum foreldra sinna.

398 Útrýmum fátækt með barnamiðaðri nálgun

399 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
400 leggur áherslu á að horft sé á fátækt út frá sjónarhorni barna og þarfir þeirra sem
401 einstaklinga.

402 Vinstri græn leggja til að unnin verði aðgerðaráætlun sem miðar að inngildingunni allra barna í
403 íslensku samfélagi. Réttur barna til þjónustu á að vera skilgreindur óháð stöðu foreldra.
404 Lágtekjumörk verði skilgreind og settur verði á fót sjóður sem styrki sveitarfélög og frjáls
405 félagasamtök til að geta boðið öllum börnum nauðsynlega grunnþjónustu, samtalsþjónustu
406 og tómstundir óháð efnahag foreldra.

407 Umönnunardagar vegna nákominna

408 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4.-6. október 2024
409 leggur til að Vinstri græn vinni að því að umönnunardagar vegna nákominna verði að
410 veruleika á íslenskum vinnumarkaði. Fyrirmyndina er að finna í 1158 tilskipun
411 Evrópusambandsins um umönnunardagar vegna nákominna frá árinu 2019 þar sem að hver
412 launamaður getur tekið fimm vinnudaga á ári til að sinna umönnun nákomins ættingja eða
413 sambýlings.

414 Frá félögum

415 Ályktun um fyrirkomulag leikskólamála í Kópavogi

416 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
417 2024 mælir gegn því fyrirkomulagi leikskólamála sem tekið hefur verið upp í Kópavogi. Með
418 fyrirkomulaginu er vegið að jafnræði barna til leikskólaþátttöku og einnig jafnrétti kynjanna.
419 Heppilegra hefði verið ef Kópavogur hefði bætt aðstæður í leikskólum og hækkað laun
420 starfsfólks í stað þess að fara í þessa vegferð sem bitnar helst á þeim sem síst skyldi; þeim
421 sem ekki geta minnkað við sig vinnu, innflytjendum, einstæðum foreldrum, konum og ekki
422 síst börnunum sjálfum. Aðgerðin er mikil afturför og færir okkur aftur á 10. áratug síðustu
423 aldar. Sveitarfélögum ber að leita annarra leiða til að leysa vanda leikskólans. Fundurinn
424 minnir á að ef stytta á leikskóladvöl barna þarf atvinnulífið eins að vera tilbúið til að stytta
425 vinnutíma foreldra.

426 Greinargerð:

427 *Breyting á fyrirkomulagi leikskólamála í Kópavogi hefur verið fagnað af starfsfólki og*
428 *bæjaryfirvöldum Kópavogs. Breytingin felst í gjaldfrjálsum 30 klukkustundum á viku*
429 *eða að jafnaði 6 klukkustundum á dag en töluverðri gjalddöku eftir það. Gera má ráð*
430 *fyrir að þungi starfsins fari fram á þessum 6 klukkustundum. Gera má ráð fyrir að*

431 *flestir sem eiga kost á því að hafa börnin einungis í 6 klukkustundir reyni það ekki síst*
432 *vegna gífurlegs kostnaðar við umfram tímana.*

433 *Fyrir nokkrum áratugum var það mikið baráttumál í samfélaginu að öll börn fengju*
434 *leikskólavist án mismununar. Með fullri vistun lagðist af skutl á milli staða hjá þeim*
435 *fjölskyldum sem þurftu vistun fyrir börn sín allan daginn. Á þeim tíma voru hlutastörf*
436 *mæðra mun algengari en síðar varð. Full þátttaka kvenna til jafns við karla gat ekki*
437 *orðið að veruleika nema börnin hefðu örugga dvöl vísa allan daginn.*

438 *1. Engar rannsóknir sýna að það sé skaðlegt börnum að vera í leikskóla 8 tíma. Yngstu*
439 *börnin sofa hluta dagsins.*

440 *2. Bæjarstjóri Kópavogs talar um að eldri systkini og afar og ömmur sæki börnin í*
441 *auknum mæli. Ekki hefur verið gerð könnun á því af hverju það er. Er verið að færa*
442 *umönnun barna yfir á þessa hópa í stað menntastofnana og foreldra að hluta?*

443 *Mun frekari rannsókn er þörf á áhrif þessara aðgerða á samfélagið.*

444 *Margrét Júlía Rafnsdóttir og Einar Ólafsson*

445 [Ályktun um málefni Seyðisfjarðar](#)

446 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
447 2024 skorar á matvæla- og innviðaráðherra að standa með Seyðfirðingum í þeirra
448 þrengingum. Fjarðarheiðargöng eru næst á áætlun og eiga að vera það áfram. Laxeldi má
449 ekki troða í fjörðinn gegn vilja íbúa með ólöglegu strandsvæðaskipulagi og friða ætti fjörðinn
450 gegn sjókvíaeldi.

451 *Greinargerð:*

452 *Samfélagið á Seyðisfirði eru enn í sárum eftir skriðuföllin sem settu mark sitt á alla*
453 *íbúa árið 2020. Sú ógn sem Seyðfirðingar stóðu frammi fyrir þá var af náttúrunnar*
454 *völdum, þær ógnir sem nú steðja að samfélaginu á Seyðisfirði eru aftur á móti*
455 *mannanna verk.*

456 *Fjarðarheiðin er einn hæsti fjallvegur landsins og er eini vegurinn til og frá Seyðisfirði.*
457 *Fjarðarheiðin lokast oft á vetrum og er ekki óalgengt að vegurinn sé lokaður í 4-5*
458 *daga í senn. Íbúar treysta á að göngin sem lofað hefur verið síðustu fjögur árin VERÐI*
459 *næstu göng á Íslandi.*

460 *Í skoðanakönnun sem sveitarfélagið Múlaþing lét framkvæma tjáðu 74 prósent*
461 *aðspurðra andstöðu sína við laxeldi í opnum sjókvíum í firðinum, aðeins 19% reyndust*
462 *hlynnt eldinu. Áður en skoðanakönnunin fór fram höfðu rúm 54% atkvæðabærra*
463 *Seyðfirðinga skrifað undir undirskriftalista gegn eldinu. Ef við tölum um og skreytum*
464 *okkur með að við styðjum íbúalýðræði þurfum við að taka tillit til vilja íbúa. Mjög*
465 *margt í ferlinu við gerð strandsvæðaskipulagsins sem liggur til grundvallar*
466 *fyrirhugaðri leyfisveitingu er vafasamt þar sem sérhagsmunir og vilholl pólitík vék frá*
467 *meginreglum góðrar stjórnsýslu og viðhöfðu enga varúðarnálgun gagnvart umhverfi*
468 *og samfélagi. Fyrirhuguð kvísvæði ganga illa eða ekki upp vegna öryggissvæðis*
469 *Farice strengsins, öryggis siglingarleiða, hættusvæði vegna ofanflóða, ljóskeila vita og*

470 *fleira. Einu rökréttu viðbrögðin eru að sýna Seyðfirðingum samstöðu og banna laxeldi*
471 *í opnum sjókvímum í Seyðisfirði.*

472 *Svæðisfélag VG á Austurlandi*

473 [Ályktun um Palestínu](#)

474 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
475 2024 lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafs. Í áttatíu ár hefur
476 Ísrael stundað landrán á palestínsku landi og yfirgengileg mannréttindabrot á íbúum
477 Palestínu. Í heilt ár hefur Ísrael keyrt áfram hernað gagnvart almennum borgurum á Gaza
478 sem Alþjóðadómstólinn í Haag (IJC) hefur í úrskurði sínum kallað „líklegt“ (e. plausible)
479 þjóðarmorð. Stríðsglæpir eru framdir í beinni útsendingu og allt með stuðningi Vesturlanda
480 sem útvega Ísrael bæði vopn og pólitískan stuðning.

481 Sú skelfilega atburðarás sem heimurinn hefur horft upp á undangengið ár, ofan á
482 mannréttindabrot og virka aðskilnaðarstefnu um áratuga skeið, krefst meiriháttar viðbragða
483 af alþjóðasamfélaginu. Samhliða þarf að stöðva hið ólöglega landrán og hernað gegn
484 almenningi á Vesturbakkanum sem viðgengst daglega með vitund og vitorði ísraelskra
485 stjórnvalda.

486 Íslenskum stjórnvöldum ber skylda samkvæmt alþjóðalögum að gera allt sem í þeirra valdi
487 stendur til að sporna gegn þjóðarmorði, glæpum gegn mannkyni og stríðsglæpum. Stjórnvöld
488 eiga að kalla eftir tafarlausu vopnahléi og að ísraelsk stjórnvöld fari eftir úrskurðum
489 alþjóðadómstóla. Stjórnvöld eiga jafnframt að beita sér fyrir alþjóðlegu vopnasölubanni til að
490 stöðva blóðbaðið á Gaza, koma á viðskiptabanni gegn Ísrael í samstarfi við aðrar þjóðir og
491 mótmæla hinum skilyrðislausu fjárhagslega, pólitíska og hernaðarlega stuðningi bandarískra
492 stjórnvalda við hernaðinn á Gaza. Jafnframt telur landsfundurinn koma til álitu að slíta
493 stjórnmalasambandi við Ísrael.

494 Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög séu virt í hvívetna. Íslensk stjórnvöld verða að beita
495 sér fyrir því með virkum hætti að draga ísraelsk stjórnvöld til ábyrgðar og leggja þeim þjóðum
496 lið sem kalla eftir því að Ísraelar fari eftir alþjóðlegum úrskurðum. Ísland ætti sérstaklega að
497 veita fulltrúum palestínskra yfirvalda hjá alþjóðastofnunum þá aðstoð sem þau þurfa,
498 hafandi viðurkennt sjálfstæði Palestínu. Loks áréttar landsfundur mikilvægi þess að Ísland
499 standi undir alþjóðlegum skuldbindingum sínum gagnvart flóttafólki frá Palestínu.

500 *Arnaldur Grétarsson, Einar Ólafsson, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Halla Gunnarsdóttir*
501 *og Sveinn Máni Jóhannesson*

502 [Ályktun um almennt húsnæðiskerfi](#)

503 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
504 2024 telur nauðsynlegt að stofnað verði nýtt félagslegt eignaíbúðakerfi í samvinnu ríkis,
505 sveitarfélaga og verkalýðshreyfingar til að fjölga valkostum á húsnæðismarkaði og tryggja
506 aðgengi allra að öruggu, aðgengilegu og heilsusamlegu húsnæði á viðráðanlegu verði um allt
507 land. Tryggja þarf aðgengi að lánsfé og fjölga stofnstyrkjum innan almenna íbúðakerfisins og
508 þróa hlutdeildarlán sem ætluð eru fyrstu kaupendum til að gera kleift að komast inn á
509 húsnæðismarkaðinn.

510 *Velferðarnefnd, Steinar Harðarson og Álfhildur Leifsdóttir*

511 **Ályktun um þjónustu sérgreinalækna í öllum heilbrigðisumdæmum**

512 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
513 2024 beinir því til ríkisstjórnarinnar og heilbrigðisráðherra að vinna án tafar að því að
514 skilgreina þá þjónustu sérgreinalækna sem veita skuli sem nærþjónustu í öllum
515 heilbrigðisumdæmum. Notkun fólks á þessari þjónustu er mjög háð búsetu og skýrist tæpast
516 af öðru en búsetutengdum mun í aðgengi að þjónustunni. Slíkan mun telur fundurinn vera til
517 marks um mismunun, sem ekki samræmist markmiðum laga um heilbrigðisþjónustu, sé ekki í
518 takt við Heilbrigðisstefnu til 2030 og sé í beinni andstöðu við 1. gr. laga um réttindi sjúklinga.
519 Fundurinn telur að reglulega ætti að veita þjónustu a.m.k. fimm sérgreina í hverju
520 heilbrigðisumdæmi: kvensjúkdómalækningar, barnalækningar, öldrunarlækningar,
521 augnlækningar og geðlækningar.

522 *Greinargerð:*

523 *Mikill búsetutengdur munur er á notkun þjónustu sérgreinalækna og t.d. nota íbúar*
524 *Vestfjarða og Austfjarða hana þrisvar sinnum minna en íbúar höfuðborgarsvæðisins.*
525 *Nærtæk skýring er að kaupandi þjónustunnar, ríkið, gerir ekki kröfu um hvar*
526 *þjónustan er veitt og hún er nær öll í Reykjavík. Í lögum um heilbrigðisþjónustu segir*
527 *m.a. um markmið laganna; „að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu*
528 *heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita“ og er það í samræmi við*
529 *lög um réttindi sjúklinga. Í fyrstu grein þeirra segir m.a.: „Óheimilt er að mismuna*
530 *sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna,*
531 *kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Mikilvægur hluti af*
532 *samfélagslegri stöðu hvers og eins er búseta og því verður að líta á það sem svo að*
533 *ekki megi mismuna íbúum landsins á þann hátt sem að ofan greinir, enda sé*
534 *tæknilega hægt að veita þjónustuna úti í heilbrigðisumdæmunum. Þjónusta*
535 *sérgreinalækna hefur fengið að þróast á eigin forsendum, án tillits til þarfa*
536 *dreifbýlisins og án tilheyrandi samræmingar við aðra heilbrigðisþjónustu. Kristján Þór*
537 *Júlíusson þáverandi heilbrigðisráðherra, ákvað í desember 2015 að loka samningi*
538 *Sjúkratrygginga og sérgreinalækna, en lengi hafði verið bent á að hann væri opinn*
539 *krani. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra lét vinna mikla greiningarvinnu á*
540 *þjónustu sérgreinalækna og þá var bent á þessa mismunun og áréttað að á henni yrði*
541 *að taka. Svandís vildi semja með hag allra landsmanna að leiðarljósi en vannst ekki*
542 *tími til að ljúka því. Willum Þór Þórsson tók við ráðuneytinu og sýnist hafa samið með*
543 *vilja sérfræðinga að leiðarljósi og með því fest í sessi rótgróna mismunun í aðgengi að*
544 *þjónustu sérgreinalækna. Í Heilbrigðisstefna til 2030 sem samþykkt var án*
545 *mótatkvæða í tíð Svandísar Svavarsdóttur sem heilbrigðisráðherra, segir m.a.:*
546 *„Skipuleggja þarf sérfræðiþjónustu hvers heilbrigðisumdæmis út frá þörfum íbúanna“.*
547 *Að fjölga þeim (flug)ferðum til sérgreinalækna, sem fást endurgreiddar er vissulega*
548 *jákvætt en er hins vegar í eðli sínu ekki tilraun til að ráðast að hinni raunverulegu*
549 *mismunun sem í gangi er. Með vísan í það, í Heilbrigðisstefna til 2030, í lög um*
550 *heilbrigðisþjónustu og lög um réttindi sjúklinga er rökrétt að skilgreina þá þjónustu*
551 *sérgreinalækna er veita skuli sem nærþjónustu, þ.e. að hún skuli vera aðgengileg í*

552 öllum heilbrigðisumdæmum. Stjórn svæðisfélags VG á Austurlandi telur að án tafar
553 ætti að leita leiða til að veita samfellt eða reglulega í hverju heilbrigðisumdæmi
554 þjónustu þessara sérgreina; kvensjúkdómalækningar, barnalækningar,
555 öldrunarlækningar, augnlækningar og geðlækningar.

556 *Svæðisfélag VG á Austurlandi*

557 *Ályktun um stjórnarslit*

558 Landsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
559 2024 ályktar að tímabært sé að horfa til þess að slíta ríkisstjórnarsamstarfi við
560 Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk. Ríkisstjórnin var upphaflega mynduð árið 2017 í kjölfar
561 óvæntra kosninga og í skugga pólitísku óróa. Þannig komst á festa í stjórnámálum undir
562 forystu Vinstri grænna og hefur hreyfingin náð fram afar mikilvægum málum. Má þar nefna
563 nýja þungunarroflöggjöf, endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, efling heilsugæslu, bættu
564 réttarstöðu brotaþola kynferðisofbeldis, lög um kynrænt sjálfræði, gjaldfrjálsar skólamáltíðir,
565 hömlur á jarðasöfnun, lenging fæðingarorlofs, friðlýsingar á náttúruperlum og þrepaskipt
566 skattkerfi. Undir forystu Vinstri grænna var einnig brugðist við COVID-faraldurinn af ábyrgð,
567 sem reyndist mikið gæfuspor fyrir þjóðina. Nú eru hins vegar önnur brýn verkefni fram
568 undan og það er mat landsfundar að ekki sé unnt að takast á við þau í núverandi
569 stjórnarsamstarfi.

570 Ástand efnahagsmála er með þeim hætti að það kallar á viðtækar aðgerðir til að sporna við
571 húsnæðiskreppunni. Sú aðferð að varpa byrðunum á almennt launafólk, leigjendur og
572 skuldara mun ekki bera árangur, heldur ógna lífsviðurværi fjölda fjölskyldna og auka á
573 fátækt, ójöfnuð og fjárhagsleg óöryggi. Með fólksfjölgun, hækkandi meðalaldri og
574 samfélagsbreytingum standa heilbrigðis- og menntakerfi frammi fyrir auknum og nýjum
575 verkefnum. Þessar breytingar kalla á aðgerðir og framtíðarsýn á grunni félagslegs réttlætis.

576 Náttúru Íslands stendur ógn af áframhaldandi stóriðjustefnu og afskiptaleyzi. Uppi eru áform
577 um að tyrfa landið með vindorkuverum og samhliða eykst krafan um fleiri vatnsaflsvirkjanir
578 til stuðnings vindorkunni. Orkunnar er ekki þörf fyrir heimili og venjuleg fyrirtæki, enda á að
579 selja hana „hæstþjóðandi“ og vindorkuverin eiga velflest að vera í einkaeigu. Þetta er dæmi
580 um stefnu sem felur í gruninn í sér að færa almannagæði frá almenningi og gera þau að
581 féþúfu fyrir einkaaðila. Fyrirkomulag sjókvíeldis er annað dæmi og það sama má segja um
582 áform um einkavæðingu húsnæðis fyrir hjúkrunarheimili.

583 Hvort sem lítið er til náttúruverndar, samfélagsmála eða efnahagsstjórnar þá er það svo að
584 samstarfsflokkar hreyfingarinnar í ríkisstjórn, og þá einkum Sjálfstæðisflokkurinn, hafa að of
585 miklu leyti farið þá leið að tryggja hagsmuni fjármagnsins, á kostnað almennings. Lausna er
586 leitað í einkavæðingu, niðurskurðarstefnu og óheftri stóriðjustefnu, sem allt gengur gegn
587 stefnu Vinstri grænna. Samhliða hefur Sjálfstæðisflokkurinn áfellt fólk fyrir að flýja stríð og
588 gert innflytjendur almennt að blóraböggli fyrir slæmri efnahagsstjórn og vanrækslu innviða.

589 Landsfundurinn telur að við þetta verði ekki unað og að hreyfingin geti ekki átt aðild að
590 þessu ríkisstjórnarsamstarfi þar sem ólíklegt er hægt verði að takast á við þau knýjandi
591 verkefni sem nú blasa við. Landsfundur hvetur því til þess að boðað verði til kosninga.

592 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs áréttar stefnu hreyfingarinnar og
593 býður upp á framtíðarsýn fyrir Ísland þar sem fólk er sett í fyrsta sæti og fjármagnið látið
594 mæta afgangi. Hvort sem Vinstri græn verða innan eða utan ríkisstjórnar eftir næstu
595 kosningar mun hreyfingin hafna einkavæðingu og útlendingaandúð og vinna að
596 mannréttindum, kvenfrelsi og félagslegu réttlæti. Hreyfingin telur nauðsynlegt að náttúran
597 eigi öflugan málsvara í stjórnámálum og mun rísa undir þeirri ábyrgð. Þá munu Vinstri græn
598 beita sér af alefli í friðarmálum og ekki við una fyrir en íbúar Palestínu geta um frjálst höfuð
599 strokið.

600 *Andrés Skúlason, Auður Alfífa Ketilsdóttir, Einar Ólafsson, Guðrún Margrét*
601 *Guðmundsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Saga Kjartansdóttir,*
602 *Steinunn Rögnvaldsdóttir og Sveinn Máni Jóhannesson*

603 [Stjórn málaályktun landsfundar](#)

604 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 4. til 6. október
605 2024 undirstrikar hversu brýnt er að raddir vinstristefnu, félagslegs réttlætis, kvenfrelsis og
606 umhverfis- og náttúruverndar heyrast hátt og skýrt og sem víðast. Félagar hreyfingarinnar,
607 ekki síst kjörnir fulltrúar, þurfa að vera málsvarar þessa hvert sem þeir koma. Félagslegar
608 áherslur í stjórnun samfélagsins eru sérlega mikilvægar nú á tímum þrálátrar verðbólgu og
609 hárra vaxta og bakslags í mannréttindamálum.

610 Réttlæti, mannúð, frelsi, friður, jöfnuður og umhverfisvernd eru þau gildi sem vinstra fólk
611 verður að hrópa af húspökum. Vinstrið er eina aflið sem getur haldið aftur af rasisma,
612 kvenhatri, fordómum gegn hinum ýmsu hópum og sívaxandi gliðnun og skautun í
613 samfélaginu. Bil á milli ólíkra þjóðfélagshópa er of stórt og við þurfum að leggjast á eitt til að
614 minnka það. Til þess þarf félagshyggið fólk í landinu sterkt umboð til að stjórna landinu eftir
615 næstu Alþingiskosningar.

616 **Árangur Vinstri grænna**

617 Miklar félagslegar umbætur hafa átt sér stað með Vinstri græn í ríkisstjórn. Nærtækt dæmi
618 eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þar
619 er einkum komið til móts við þá hópa sem verðbólgan hefur undanfarið leikið hvað verst:
620 lágtekjufólk og barnafjölskyldur. Í aðgerðunum felast miklar kjarabætur í formi hækkaðra
621 húsnæðisbóta og barnabóta, vaxtabóta og frekari uppbyggingar félagslegs húsnæðis. Allar
622 þessar aðgerðir eru félagslegs eðlis og stuðla að meiri jöfnuði og réttlátara samfélagi. Þá má
623 sérstaklega nefna gjaldfrjálsar máltíðir í grunnskólum sem munu gagnast öllum fjölskyldum
624 og ekki síst þeim efnaminni og stuðla að því að draga úr fátækt barna. Þetta hefur verið
625 baráttumál Vinstri grænna um árabil. Landsfundur fagnar þessum árangri og telur rétt að í
626 framhaldinu muni máltíðir í leik- og framhaldsskólum einnig verða gerðar gjaldfrjálsar sem
627 og námsgögn fram að 18 ára aldri. Landsfundur fagnar einnig þeim breytingum sem gerðar
628 hafa verið á örorkulífeyrisherfinu, en það er stærsta skref sem stigið hefur verið í áratugi til

629 að bæta afkomu og auka réttindi örorkulífeyrisþega. Þá hækkar almennt frítekjumark
630 ellilífeyrisþega um 46% nú um áramótin og mun héðan af hækka í takt við hækkun bóta
631 almannatrygginga. Eins má nefna nýja Mannréttindastofnun sem er árangur af vinnu og
632 stefnumörkun Vinstri grænna í ríkisstjórn og á Alþingi. Tryggja þarf stofnuninni fjármagn til
633 að hún geti staðið undir nafni og væntingum sem eðlilega eru gerðar til Íslands.

634 Þó margt hafi áunnist er áfram verk að vinna á fjölmörgum sviðum samfélagsins.
635 Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun áfram leggja sitt af mörkum til að bæta samfélagið.

636 **Innflytjendur**

637 Það er sérstaklega aðkallandi að Ísland hugi betur að líðan, aðstæðum og tækifærum
638 innflytjenda, sem nálgast það að verða fimmtungur landsmanna. Stjórnvöld verða að sporna
639 gegn aukinni stéttskiptingu þar sem hallar á innflytjendur. Viðeigandi stuðning þarf að veita á
640 öllum sviðum, hvort sem það er á vinnustöðum eða í skólakerfinu, svo innflytjendum sé
641 gefinn raunverulegur kostur á að taka þátt í samfélaginu. Stórefla þarf stuðning við
642 íslenskunám fullorðinna og tryggja aukinn stuðning við börn innflytjenda í skólakerfinu.
643 Ísland þarf að vera inngildandi samfélag þar sem ríkir umburðarlyndi og öll sitja við sama
644 borð. Landsfundur lýsir yfir þungum áhyggjum af vaxandi útlendingaandúð í samfélaginu og
645 telur að meira þurfi að gera til að sporna gegn þeirri þróun.

646 **Húsnæðismarkaður**

647 Húsnæðismál eru lykilþáttur í kjarabaráttu almennings. Staðan á húsnæðismarkaði er þung
648 fyrir stóran hluta fólks og leiðir til vaxandi ójöfnuðar. Leiguverð og vaxtakostnaður hafa
649 hækkað og það hefur áhrif á lífskjör almennings. Styrkja þarf enn frekar almenna íbúðakerfið
650 og gera frekari umbætur á leigumarkaði. Fundurinn fagnar nýjum húsaleigulögum sem bæta
651 réttarstöðu leigjenda en kallar einnig eftir leigubremsu sem verndar leigjendur fyrir
652 óhóflegum og ófyrirséðum hækkunum. Sporna þarf við braskvæðingu á húsnæðismarkaði og
653 því að húsnæði sé nýtt sem fjárfestingarkostur, svo sem með skattlagningu á hagnaði af sölu
654 íbúða sem ekki eru notaðar til eigin búsetu eiganda. Stjórnvöld eiga að skoða af fullri alvöru
655 að setja á laggirnar nýtt félagslegt eignaíbúðakerfi til að fjölga valkostum á húsnæðismarkaði.
656 Öruggt húsnæði eru mannréttindi.

657 **Fjölskyldu- og menntamál**

658 Grípa þarf til frekari aðgerða í málefnum barnafjölskyldna og forgangsraða fjármunum í þágu
659 bættrar velferðar barna með jafnrétti að leiðarljósi. Ýmis skref hafa verið stigin á þessu
660 kjörtímabili en ljóst er að fjölskyldumál verða eitt af stóru viðfangsefnum næsta kjörtímabils.
661 Hækka þarf lágmark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og brúa umönnunarbíl á milli
662 fæðingarorlofs og leikskóla. Hér þarf kröftuga samvinnu ríkis, sveitarfélaga og aðila
663 vinnumarkaðarins. Málefni barna eru eitt brýnasta verkefni samfélagsins og mikilvægt að
664 tryggja góðan aðbúnað þeirra og viðeigandi stuðning við fjölskyldur.

665 Landsfundurinn ítrekar mikilvægi menntakerfisins sem grundvallar jöfnunartækis í fjölbreyttu
666 samfélagi. Á næstu árum þarf að stíga rötæk skref til að gera menntun allra skólastiga
667 endurgjaldslausa og tryggja endurnýjun í kennarastéttinni. Jafnframt leggur fundurinn
668 áherslu á að breytingar á skólakerfinu séu ávallt gerðar með hliðsjón af nýjustu rannsóknum.

669 Brýnt er að stórauka námsefnisgerð, innleiða matskvarða og tryggja stuðning við öll börn í
670 skólum landsins. Þá þarf að tryggja betur fjármögnun háskólanna svo þeir séu á pari við
671 háskóla annars staðar á Norðurlöndum.

672 Fundurinn leggur áherslu á að fylgja heilbrigðisstefnu til ársins 2030 markvisst eftir, horfa
673 heildstætt á alla velferðarþjónustu og tryggja samþættingu ólíkra kerfa, þ.m.t. á milli
674 heilbrigðis- og félagsþjónustu. Efla þarf heilsugæslu um allt land í að sinna grunnþjónustu við
675 íbúa með þverfaglegu teymi heilbrigðisstétta. Marka þarf skýra stefnu hvaða þjónusta
676 sérgreinalækna eigi að teljast til nærþjónustu og skuli veita reglulega í öllum
677 heilbrigðisumdæmum.

678 Samfélag okkar er slegið yfir hrinu ofbeldismála að undanfögnu og hugur okkar allra er með
679 þeim sem eiga um sárt að binda af þeim sökum. Landsfundurinn geldur varhug við auknu
680 ofbeldi í samfélaginu, sem teygir sig niður til barna og ungmenna. Skoða þarf í kjölinn hvað
681 veldur þessari þróun og gera allt til að sporna við henni. Ísland á að vera manneskjuvænt og
682 friðsælt samfélag. Fyrir því er frumforsendan velferð og jöfnuður.

683 Sótt er að réttindum kvenna og hinsegin fólks um allan heim og lýsir fundurinn yfir þungum
684 áhyggjum af risi öfgahægri afla. Í því andrúmslofti er mikilvægt að VG taki forystu í því að
685 standa vörð um og efla mannréttindi allra hópa sem eiga undir högg að sækja.

686 **Blóðbað við Miðjarðarhaf**

687 Blóðbaðinu í Palestínu verður að linna. Hernaður Ísraelsríkis veldur sífellt meiri óróa fyrir
688 botni Miðjarðarhafs og hindra verður frekari útbreiðslu stríðsátaka á svæðinu og gefa
689 Palestínumönnum færi á að byggja upp sjálfstætt ríki. Átjándi september síðastliðinn
690 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þess efnis að Ísraelsmönnum beri að
691 binda endi á hersetu sína í Palestínu innan árs og greiddi Ísland atkvæði með því. Þeirri kröfu
692 verður að fylgja eftir af harðfylgi enda hefur Ísrael komist upp með að þverbrjóta alþjóðalög
693 undir verndarvæng Bandaríkjanna. Fagnar fundurinn þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri
694 grænna og fleiri flokka um að Ísland beiti sér fyrir alþjóðlegum viðskiptaþvingunum gagnvart
695 Ísrael.

696 **Auðlindir, umhverfismál og náttúruvernd**

697 Tryggja þarf auðlindaákvæði og umhverfisverndarákvæði í stjórnarskrá. Ásókn í auðlindir
698 Íslands er mikil, ekki síst af hálfu einkaaðila sem stjórnast af gróðasjónarmiðum einum og
699 skeyta lítið um almannahagsmuni eða náttúruvernd. Opinber fyrirtæki eins og Landsvirkjun
700 eiga að njóta forgangs í nýjum framkvæmdum, ekki einkafyrirtæki sem nú hafa uppi
701 stórkostleg áform um virkjanaframkvæmdir um allt land. Ljúka þarf stefnumótun um
702 vindorku og tryggja að gjald renni í sameiginlega sjóði líkt og gildir um aðrar auðlindir. Öll
703 viðbótarorka á að renna til innlendra orkuskipta. Við þurfum að breyta hugsunarhætti okkar
704 þannig að horft sé á náttúruna sem friðhelga og að nýting hennar sé undantekning frá þeirri
705 meginreglu.

706 Ísland á að vera þjóðgarðaparadís, þar sem víðerni og villt náttúra er vernduð. Stofna ber
707 Hálendisþjóðgarð og búa til net þjóðgarða bæði á landi og í hafi. Friðlýsing svæða er

708 markvissasta leiðin til að tryggja vernd viðkvæmrar og verðmætrar náttúru, sem við
709 Íslendingar berum ábyrgð á að verja.

710 Fundurinn leggur áherslu á að matvælaframleiðsla á Íslandi tryggi fæðu- og matvælaöryggi
711 landsmanna og stuðli að bættri lýðheilsu þjóðarinnar. Sjálfbær nýting við fiskveiðar,
712 landbúnað og fiskeldi eru lykilþættir í þessu sambandi. Stefnur og aðgerðaáætlanir sem
713 komið hafa frá matvælaráðuneytinu á þessu kjörtímabili styðja við þessa vegferð.

714 Fundurinn telur mikilvægt að áfram verði unnið að aukinni sátt um sjávarútveginn. Þar er
715 lykilatriði að auka gagnsæi að því er varðar stjórnunar- og eignatengsl greinarinnar, tryggja
716 vistkerfisnálgun og verndarhagsmuni þegar horft er til auðlinda hafsins. Stórútgerðin hefur
717 svigrúm til að greiða hærri veiðigjöld enda hefur hún greitt sér myndarlegan arð sem hlotist
718 hefur af nýtingu sameiginlegrar auðlindar þjóðarinnar.

719 Mikilvægt er að koma á skýrri umgjörð um lagareldi, bæði í sjó og á landi, svo atvinnugreinin
720 geti farið fram í meiri sátt við náttúru og samfélag. Tiltekin svæði þarf að friða algjörlega,
721 gjaldtaka vera rífleg og tryggja þarf öflugra eftirlit og sektir sem um munar fyrir brot á lögum
722 og reglugerðum.

723 Loftslagsváin er ein stærsta áskorun samtímans og komandi áratuga og neyðarástand hefur
724 skapast víða. Baráttan gegn loftslagsvánni er ekki bara stærsta umhverfismálið, heldur líka
725 eitt stærsta velferðarmál 21. aldarinnar. Þó fundurinn fagni því að aðgerðaáætlun í
726 loftslagsmálum hafi verið uppfærð þarf róttækari aðgerðir, auknar kröfur til stjórnvalda,
727 fyrirtækja og annarra sem menga, og markvissari eftirfylgni. Hér þarf að gera mun betur,
728 enda er baráttan gegn loftslagsvánni er ekki bara stærsta umhverfismálið, heldur líka eitt
729 stærsta velferðarmál 21. aldarinnar.

730 **Samgöngur**

731 Mikilvægt er að draga sem fyrst úr losun frá umferð og efla almenningssamgöngur um allt
732 land. Fundurinn fagnar endurskoðun samgöngusáttmálans á höfuðborgarsvæðinu og áréttar
733 að með forystu Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs var kyrrstaða í samgöngum á
734 höfuðborgarsvæðinu rofin. Skýr framtíðarsýn var mótuð, þar sem samgöngur virka fyrir fólk
735 en ekki farartæki eingöngu. Samningur ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um
736 Borgarlínuna mun draga úr mengandi bílaumferð og hvetja til vistvænna samgangna
737 gangandi og hjólandi fólks. Stuðningur við almenningssamgöngur og aðrar aðgerðir í
738 loftslagsmálum eru fjárfesting í framtíðinni.

739 Fundurinn bendir einnig á skýra jafnréttis- og kynjavinkla í samgöngum, bæði hvað varðar
740 aðgengi og ákvarðanatöku. Til þess að frekari árangur náist í velsældarmálum á Íslandi er
741 nauðsynlegt að halda áfram að styrkja öflugar samgöngur með áherslu á
742 almenningssamgöngur og almannaöryggi.

743 **Íbúalýðræði og innviðir**

744 Á síðustu árum hefur sýnt sig að mikil þörf er á að styrkja íbúalýðræði. Fundurinn telur að við
745 þessu þurfi að bregðast, enda varða fjölmargar áætlanir og framkvæmdir í fjörðum, ám og á

Drög að ályktunum frá málefnaþópum og félögum til umræðu og afgreiðslu á landsfundi
Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 4. til 6. október 2024

746 þurrlendi nærumhverfið, eins og fiskeldi, orkumannvirki og skógrækt. Því þarf að skoða betur
747 hvernig tryggja megi rétt íbúa til að kalla eftir kosningu um tiltekin mál í nærsamfélagi sínu.

748 Fundurinn undirstrikar mikilvægi þess að halda samfélagslegu eignarhaldi á lykilinnviðum og
749 varar við aukinni markaðshyggju og einkavæðingu. Vinstri græn standa gegn frekari
750 markaðsvæðingu á sviði raforkuframleiðslu og -sölu, heilbrigðis- og velferðarþjónustu,
751 menntakerfisins og sölu áfengis.

752 Fundurinn ítrekar skýrt erindi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í íslenskum
753 stjórnámálum. Hreyfingin hefur komið mörgu til leiðar í stjórnartíð sinni í gegn um árin. Vinstri
754 græn hafa sannarlega metnað, getu og vilja til að halda áfram að stjórna landinu, fáum við til
755 þess umboð.

756 Stjórn VG

DRÖG - ÓSAMÞYKKT